

217. fundur

stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 6. September 2012 kl. 13:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Anna Louise Ásgeirsdóttir kt. 261286-2629 sjúkraflutningar aukaaðild sp

Jón Erlendsson kt. 290773-4829 sjúkraflutningar aukaaðild sp

Þorsteinn Ægir Egilsson kt. 080684-2319 sjúkraflutningar sp

Damian Turkiewics GH falið að athuga hvort hann sé að leita að aðild eða vinnu?

3. Stjórnarfundir haust vor

Ákveðið að næstu fundir verði 4. október kl. 15:00, 1. nóvember kl. 13:00 og 29. nóvember kl. 13:00. Stefnt er á að funda ekki í desember.

4. Orlofsmál:

Uppgjör vegna húsa 31 og 32 Munaðarnes.

Farið var yfir stöðu mála. Í byrjun apríl réðst Orlofsnefnd í miklar breytingar innanhúss fyrir um 4 milljónir án samþykkis stjórnar LSS. Skipt var m.a. um elshúsinnréttingu, eldavel og ísskáp. Auk þess var komið fyrir uppþvottavél. Efri skáparnir komust ekki fyrir í innréttingunni og var nýr aðili fenginn til að gera lagfæringar á innréttingunni og koma skápunum fyrir núna í september. Umræður um heimildir og ábyrgð í orlofsmálum og hvernig orlofsnefnd skuli skipuð og starfi næstu misserin. Í nýrri orlofsnefnd eru komnir Jón Sverrir frá Akureyri og Jón Jóhann úr Borgarbyggð. Rætt um að fá fleiri í nefndina. Ákveðið að boða fyrri nefndarmenn á stjórnarfund til að upplýsa þá um afstöðu stjórnar í Munaðarnesmálinu.

Kaup á neðri hæð á Akureyri

Nýting á orlofsíbúð LSS í Skálatúni 33 eh. á Akureyri er mjög góð. Þrýstingur er frá félagsmönnum að félagið kaupi neðri hæðina. Verktaki hefur keypt allar lausar íbúðir í lengjunni og hefur Fasteignasali boðið félagin að kaupa neðri hæðina á verði sem ekki er hægt að fallast á. Ákveðið að afla upplýsinga hjá öðrum fasteignasölum og fylgjast með íbúðinni.

5. Íþróttamál

Umræður um aðkomu Íþróttanefndar að íþróttamálum LSS og nauðsyn þess að mótsstaðir séu ákveðnir í tíma.

Landsmót LSS í golfi 2012 fór fram 17. ágúst á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ. Mótið gekk vel en allt of margir mættu ekki í matinn um kvöldið án þess að láta vita. Skrifstofunni falið að innheimta og standa skil við vertinn. Ákveðið að boða nefndina til skrafs og ráðagerða á stjórnarfund 1. nóvember eða fyrr.

6. Fagdeild slökkviliðsmanna

Umræður um hvernig sé hægt að koma deildinni af stað í faglega vinnu. Ákveðið að boða stjórn deildarinnar til skrafs og ráðagerða á stjórnarfund 1. nóvember.

7. Ritnefnd LSS

Umræður um að gera frekari breytingar á blaðinu Slökkviliðsmaðurinn.

Umræður um hvernig við náum betur til félagsmanna í gegnum heimasíðu LSS. Ákveðið að kalla ritnefndina til skrafs og ráðagerða 1. nóvember.

8. Þing BSRB

10-12. október. Fulltúrar LSS verða SBB, VLF, FH, IGG og til vara EK, SB, ABC og GH. SBB fór yfir stöðuna í umræðunni um að breyta aðildargjöldum LSS til BSRB. Forysta LSS er búin að funda mikið til að skýra afstöðu stjórnar og þings LSS og eru líkur á að fagstéttarfélögin nái að stöðva málið. Umræður um aðrar tillögur.

9. Sjúkraflutningar

- a) **Vinnuferlar** Yfirferð yfir 1. útgáfu LSS er í höndum EÖA.
- b) **Skýrslur og reglugerðir.** Út er að koma skýrsla frá KMP vegna kostnaðarútreikninga við sjúkraflutninga hjá SHS.

10. Starfsmatið

- a. **Sjá bréf frá Berglindi 4. sept 2012.** Starfsmaður Starfsmatsins upplýsir um gang mála í vinnu við Starfsmatið og bendir m.a. á að enn vanti gögn frá nokkrum aðilum (slökkvilðum/sveitarfélögum).
- b. **Fundur um kafla 10.** Þann 4. okt n.k verða þau stéttarfélög sem eru aðilar að Starfsmati, kallaðir saman til að skoða 10. kafla kjarasamningsins.

11. Önnur mál:

- a) **Ný stjórn kemur saman** Stefnt að á næsta stjórnarfund mæti stjórn og varastjórn, myndataka og kvöldverður.
- b) **Bréf til Umboðsmanns Alþingis** Formaður sendi formlegt erindi til umboðsmanns alþingis vegna deilna um hvaða lög og reglugerðir gildi á flugvöllum.